

FUNDARGERÐ

586. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 21. mars 2019 kl. 16.00 á skrifstofu sveitarfélagsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina.

Í fjarveru oddvita setur varaoddviti Ingi Már Björnsson, fundinn og stjórnaði honum.

Vara oddviti óskar að eftir að eftirtalin mál yrðu tekin á dagskrá fundarins:

- Bókun vegna fumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma, matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru. Verði liður III – 9 á dagskrá.
- Tilboð í aðalskipulagsgerð fyrir Mýrdalshrepp. Verði mál III - 10 í dagskrá.

-Samþykkt samhljóða

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

Dagskrá fundarins:

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 243. fundar fræðslunefndar Mýrdalshrepps sem haldinn var 21. febrúar 2019.

Sveitarstjórn frestar staðfestingu vistunarreglna en samþykkir fundargerðina að öðru leiti.

-Samþykkt samhljóða

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi frá Einari Stefánssyni, vegna Víkurbrautar 32, fnr. 218-8832.

Sveitarstjórn vísar til takmarkana er varðar útleigu á íbúðarhúsnæði til gistingar í þéttbýlinu í Vík sem bætt var við greinargerð með breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps með vísan í reglugerð nr. 585/2007:

„Útleiga íbúðarhúsnæðis til gistingar í flokki II samkvæmt skilgreiningu reglugerðarinnar er óheimil, þó verði þau leyfi sem veitt hafa verið vegna gistingar í flokki II í þéttbýlinu í Vík framlengd til ársins 2022, verði eftir því leitað. Heimagisting verði heimiluð, en verði að hámarki 10 gistirými í samræmi við skilgreiningu byggingarreglugerðar á flokkun húsnæðis m.t.t. brunavarna. Sýna verður fram á að næg bílastæði verði við húsið, það rækilega merkt og að starfsemin muni ekki hafa truflandi áhrif á íbúðabyggð.“

Með nýrri reglugerð um veitinga og gististaði 1277/2016 er sú reglugerð sem ofangreind samþykkt sveitarstjórnar tekur mið af felld úr gildi. Í c- lið 4.gr. reglugerðar 1277/2016 eru minni gistiheimili skilgreind sem gististaður með færri 5 en herbergjum eða rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Sveitarstjórn samþykkir með vísan til þeirrar greinar að framlengja þau leyfi sem áður voru veitt til til gistingar í flokki II til 2022.

Með vísan í framangreint hafnar sveitarstjórn Mýrdalshrepps veitingu rekstrarleyfis vegna Víkurbrautar 32, fnr. 218-8832.

AM
Am
AM
AM

-Samþykkt samhljóða

2. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Kerlingardal fnr. 218-8088.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.

-Samþykkt samhljóða

3. Minnisblað vegna list- og verkgreinakennslu í Víkurskóla frá Elínu Einarsdóttir skólustjóra Víkurskóla.

Sveitarstjórn deilir áhyggjum skólustjóra af stöðu mála varðandi vöntun á smíðakennslu í grunnskólanum.

-Samþykkt samhljóða

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Breytingartillaga við 8 gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

Lögð er fram breytingartillaga við samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps sem felur í sér að ekki er tilgreindur fundarstaður í samþykkt.

Gerð er svohljóðandi breytingartillaga að samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps nr. 905/2013 samanber samþykkt nr. 1043/2014

1. mgr. 8. gr. breytist og verður svohljóðandi:

„Sveitarstjórn Mýrdalshrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar í Vik í Mýrdal, í þriðju viku hvers mánaðar.“ Sveitarstjórn skal í upphafi kjörtímabils ákveða fundardaga og fundartíma sveitarstjórnar.

-Samþykkt samhljóða

2. Breytingartillaga við 40 gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.

Lögð er fram breytingartillaga sem felur í sér að nöfnum tveggja nefnda er breytt og bætt er inn starfandi nefndum. **6. tl. B-liðar 40. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:**

Umhverfisnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

Var fyrir breytingu: Umhverfis- og náttúruverndarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

1. tl. C-liðar 40. gr. samþykktarinnar breytist og verði svohljóðandi:

1. Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Einn aðalmaður og einn varamaður, samkvæmt samkomulagi sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Var fyrir breytingu: Félagsmála- og barnaverndarnefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Einn aðalmaður og einn varamaður, samkvæmt samkomulagi sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu þar um og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Við C-lið 40. gr. samþykktarinnar bætist eftirfarandi töluliðir:

4. Stjórn Kötlu jarðvangs. Einn aðalmaður og einn varamaður.

5. Stjórn Kötluaseturs. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.

6. Rekstrarnefnd Hjallatúns. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.

7. Stjórn Hollvínasjóðs Hjallatúns. Tveir aðalmenn.

-Samþykkt samhljóða

3. Viðtalstími sveitarstjórnarmanna 18. mars 2019.

Fram var lögð samantekt sveitarstjórnarfulltrúa vegna viðtalstíma 21. mars sl.

Pórir Kjartansson vekur athygli á frágangi á opnum svæðum í Vík sem mætti slétta og sá í til að auðvelda umhirðu.

Áslaug Einarsdóttir vekur athygli á miklum hraða í Hátúni og stóraukinni umferð hópferðabifreiða og annarra ferðamanna um Hátún, töluvert er um að hópferðabifreiðar fari upp að kirkjugarði og að vegurinn þangað beri ekki þá umferð. Að merkja þurfi gangbraut þvert á Hátúnið á milli Hjallatúns og þjónustuíbúða sem og að biðskyldumerkingar vanti á gatnamót Hátúns og Suðurvíkurvegar. Þörf á lagningu gangstígar á milli Myllulands og Sigtúns. Einnig taldi hún að lausaganga katta ætti að vera bönnuð.

Sveitarstjórn tekur vel í þessi erindi og þakkar fyrir ábendingarnar. Sveitarstjóra falið að kanna leiðir til úrbóta.

-Samþykkt samhljóða

4. Gjaldskrá Leikskólans, nýjar reglur um afslátt af dvalargjaldi barna starfsmanna leikskólans Mánalands. Lagt er til að starfsmenn leikskólans í fullu starfi fái 30% afslátt af dvalargjaldi. Afslátturinn nær til dvalargjalds fyrsta barns.

-Samþykkt samhljóða

5. Breyting á gjaldskrá fyrir þjónustu, leyfisveitingar og afgreiðslu byggingaleyfa. Endurskoðuð gjaldskrá lögð fram.

-Samþykkt samhljóða

6. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019.

Endurbætur og breyting á skrifstofu sveitarfélagsins, 1200.000 færist á deild 31-301 í Eignasjóð fjármagnað með handbæru fé.

Skýring: Útbúa þarf skrifstofu fyrir Skipulags- og byggingarfulltrúa til að skapa viðunnandi vinnuáætstæður fyrir hann og þá sem til hans leita. Húsnæðið hefur látið verulega á sjá og og þarfnast gólfefni og innréttingar viðhalds.

Húsgögn á skrifstofu sveitarfélagsins 200.000, færist á deild 09-51 fjármagnað með eigin fé.

Skýring: Kaupa þarf skrifborð fyrir skipulags og byggingarfulltrúa og skipta þarf út óhentugum og slitnum hirslum.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2019

-Samþykkt samhljóða

7. Bókun vegna áforma um skerðingar á tekjum Jöfnunarsjóðs

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps mótmælir harðlega þeim áformum fjármálaráðherra og ríkisstjórnar að skerða framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um a.m.k. 3,3 milljarða á árunum 2020 og 2021. Skerðingin kemur harðast niður á útgjaldajöfnunarframlögum, en þau renna einkum til sveitarfélaga á landsbyggðinni sem hafa mörg hver veikan fjárhag. Skerðingin kemur einnig niður á framlögum til þjónustu við fatlað fólk og getur falið í sér að dregið verði úr þeirri þjónustu.

Áætlað tekjutap sveitarfélaga á Suðurlandi af framlögum til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts er tæpar 505 millj.kr. og vegna málefna fatlaðra 29 millj.kr. Framlög til málefna fatlaðra hafa ekki staðið undir rekstrarkostnaði og bætir þetta ekki stöðu þess málaflökks.

Einhliða ákvörðun ríkisvaldsins af þessu tagi er í andstöðu við það formlega samráðsferli ríkis og sveitarfélaga sem hefur þróast á undanförunum árum og fela áform þessi í sér algeran trúnaðarrest gagnvart sveitarfélögum í landinu. Ekki getur með nokkrum hætti talist eðlilegt að áhersla á að bæta afkomu ríkissjóðs skili sér í skerðingum á tekjum sveitarfélaganna, sem standa undir mjög stórum hluta almannaþjónustu í landinu.

Árið 2015 voru samþykktar leiðréttingar á framlögum til málefna fatlaðra sem námu um 1,5 milljarði króna. Sú niðurstaða var samkomulag sem byggði á löngu og ítarlegu samráðsferli milli ríkis og sveitarfélaga. Að þurrka nánast út með einu pennastriki þann árangur sem þá náðist er í hróplegu ósamræmi við það samstarf við ríkið sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur lagt mikla vinnu í að styrkja á liðnum áratug.

Sveitarstjórn krefst þess að áform um skerðingu tekna Jöfnunarsjóðs verði afturkölluð þegar í stað.

Sveitarstjórn samþykkir bókunina.

-Samþykkt samhljóða

8. Vor í Vík, tillaga að umhverfisátaki.

Lagt er til að Mýrdalshreppur standi fyrir umhverfisátaki í sveitarfélaginu „Vor í Vík“ dagana 22. apríl til 27. apríl 2019 Lagt er til að Umhverfisnefnd og Menningarmálanefnd sveitarfélagsins hafi umsjón með skipulagningu og framkvæmd verkefnisins. Tilgangurinn er að fá einstaklinga, félagasamtök og fyrirtæki til að sameinast um að fegra og snyrta umhverfi Víkur og tengja menningarlega viðburði verkefninu. Markmiðið er að sem flestir leggi eitthvað af mörkum til umhverfisins og að Mýrdælingar komi saman og njóti þeirrar skemmtunar sem boðið verður upp á af sama tilefni.

Sveitarstjórn felur Umhverfisnefnd og Menningarmálanefnd í samstarfi við sveitarstjóra nánari útfærslu og framkvæmd verkefnisins.

-Samþykkt samhljóða

9. Bókun sveitarstjórnar Mýrdalshrepps vegna frumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um breytingar á lögum um dýrasjúkdóma, matvæli og lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps mótmælir harðlega frumvarpi sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra kynnti fyrir stuttu síðan og felur í sér heimild til þess að flytja inn hrátt ófrosið kjöt og fersk egg. Sveitarstjórnin skorar á íslensk stjórnvöld að semja um breytingar á EES samningnum sem heimila íslensku þjóðinni að viðhalda sérkennum íslensks landbúnaðar; heilbrigðum búfjárstofnum og heilnæmum matvælum.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps skorar jafnframt á íslensk stjórnvöld að efla frekar íslenskan landbúnað og halda þannig öflugri byggð og blómlegum sveitum í öllu landinu. Það skiptir landsbyggðina miklu máli að atvinnulíf sé fjölbreytt og þar er landbúnaður lykilatriði, enda er ekki

Finb All
Quinn

einungis um að ræða bændurnar sjálfa heldur fylgja landbúnaði mörg afleidd störf. Þróunin hefur of víða verið í átt að einhæfu atvinnulífi og við því verður að bregðast.

Sveitarstjórn samþykkir bókunina.

-Samþykkt samhljóða

10. Tilboð í aðalskipulagsgerð fyrir Mýrdalshrepp.

Sveitarstjórn samþykkir að taka tilboði frá Landmótun.

-Samþykkt samhljóða

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð fundar undirbúningshóps um björgunarmiðstöð í Vík 25. febrúar 2019.
2. Fundargerð 43. fundar stjórnar Kötlu jarðvangs haldinn 6.2.2019.
3. Fundargerð 544. fundar stjórnar SASS 1. mars 2019.
4. Fundargerð Aðalfundar Bergrisans bs. 18. janúar 2019.
5. Fundargerð 868. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 22. febrúar 2019.
6. Fundargerð 36. fundar stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 21. febrúar 2019.
7. Fundargerð 37. fundar stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 12. mars 2019.

V. Kynningarefni.

1. Bókun stjórnar sambandsins vegna áforma um skerðingu á tekjum jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
2. Svar frá Íslandspósti vegna áskorunar frá sveitarstjórn Mýrdalshrepps.
3. Samfélagsleg áföll, langtímaviðbrögð sveitarfélagsins Mýrdalshrepps skýrsla.
4. Kynning á undirbúningi stofnunar Ungmennaráðs í Mýrdalshreppi.


Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.50




Ingi Már Björnsson, vara oddviti



Beata Rutkowska



Þorgerður Hlín Gísladóttir



Ragnheiður Högnadóttir



Páll Tómasson

243. fundur fræðslunefndar Mýrdalshrepps

haldinn í Víkurskóla 21. febrúar 2019 kl. 16:00

Eftirtaldir sátu fundinn:

Fræðslunefnd; Anna Huld Óskarsdóttir formaður, Anna Björnsdóttir ritari, Pálmi Kristjánsson, Beata Rutkowska, Elín Einarsdóttir skólastjóri, Bergný Ösp Sigurðardóttir skólastjóri og áheyrnarfulltrúarnir Dagný Rut Gretarsdóttir, Salome Þóra Valdimarsdóttir og Kolbrún Hjörleifsdóttir.

DAGSKRÁ

1. LEIKSKÓLINN MÁNALAND

Bergný leikskólastjóri fór yfir stöðu mála í leikskólanum; Sólveig Sigríður Gunnarsdóttir er komin úr barneignarleyfi, nokkrir starfsmenn hafa farið á námskeið m.a. Teacch, vináttunámskeið og Tras-námskeið. Starf hefur verið erfitt undanfarna viku vegna veikinda barna og starfsmanna en starfið er að færast í eðlilegt horf.

Til samþykktar; Vistunarreglur leikskólans (Viðhengi 1); Bergný lagði fram nýjustu útgáfu að vistunarreglum Leikskólans og voru þær samþykktar eftir nokkrar umræður.

Til kynningar og samþykktar, verkefni um snemmtæka íhlutun; einn starfsdagur bætist við veturinn 2019/2020 sem og 2020/2021, verkefnið samþykkt.

2. VÍKURSKÓLI

Elín skólastjóri fer yfir stöðu mála í grunnskólanum; þar kom m.a. fram að sundlaugin er í lamasessi vegna þess að vatnið er ekki nægilega heitt og ekki hægt að kenna sund sem stendur, einnig hefur hitakerfi skólans verið í ólagi en nú eru komnir varahlutir sem vonandi duga. Innleiðing nýrra persónuverndarlaga heldur áfram og einn vinnufundur skólastjóra fór fram fyrir stuttu. Starfsmenn fá kynningu á starfsdegi 6. mars n.k. Mikil framför er hjá nemendum skólans í lesfimi, foreldrakönnun Skólapúlsins stendur yfir og er þátttaka dræm enn sem komið er, þarf 80% þátttöku til þess að niðurstaða gefi rétta mynd. Tveir fundir hafa verið í stýrihóp skólans um Heilsueflandi skóla. Von er á verkefnastjóra Landlæknisembættisins í heimsókn 27. febrúar en hún mun funda með starfsmönnum og stýrihópnum um stöðu verkefnisins hjá okkur. Margt fleira gott að gerast s.s. lífshlaupið, Menntabúðir Suðmennt, dagur stærðfræðinnar, tannverndarvika og skipulag vordaga.

Önnur mál; Elín skólastjóri upplýsti að vinna við skóladagatal 2019/2020 væri komin vel af stað. Formaður spurði hvort til stæði að auglýsa stöðu smíðakennara fyrir næsta skólaár. Í kjölfarið var rætt almennt um þá stöðu að ekki sé til staðar kennslustofa né kennari til að sinna smíðakennslu við grunnskólann. Fundi slitið kl. 16:55. Anna Björnsdóttir ritari

Vistunarreglur leikskólans Mánalands, Mýrdalshreppi



1. Upphaf og lok vistunar.

Á leikskólanum Mánalandi er tekið við barni frá því að það nær eins árs aldri og fram að því er barn hefur skólagöngu í grunnskóla, enda rúmist kostnaður Mýrdalshrepps vegna vistunarinnar innan fjárhagsáætlunar leikskólans. Hægt er að sækja um vistun þremur mánuðum fyrir eins árs afmælisdag. Sé biðlisti við leikskólann fer barnið á biðlista frá eins árs aldri. Þurfi að velja milli barna á sama ári ræður kennitala, þannig að eldra barn gengur fyrir. Uppsögn á leikskólaplássi skal vera skrifleg og skal berast til leikskólastjóra eigi síðar en 20. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi 1. næsta mánaðar. Gildir einu hvort um er að ræða barn sem er að hætta í leikskólanum eða barn sem er að hefja skólagöngu.

2. Skilyrði fyrir vistun.

Skilyrði fyrir vistun er að a.m.k. annað foreldri og barn séu með lögheimili í sveitarfélaginu.

3. Forgangshópar.

Hægt er að sækja um forgang vegna leikskólavalar til fræðslunefndar fyrir barn ef sérstakar aðstæður mæla með því. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila eða félagsmálayfirvöldum skal fylgja með umsókn um forgang þar sem það á við. Til staðfestingar því að foreldri sé einstætt ber að framvísa vottorði frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef forgangur er samþykktur fer viðkomandi barn fram fyrir önnur börn sem bíða eftir leikskólavistun. Forgangur er eins og önnur vistun háð því að laust pláss sé fyrir hendi. Beiðni um forgang þarf að koma frá foreldrum/forráðamanni annars fer barn ekki sjálfkrafa í forgang. Við úrvinnslu á biðlistum skal hafa eftirfarandi forgangshópa í huga:

- A) Börn starfsmanna sveitarfélagsins sem sveitarstjórn/sveitarstjóri metur að ráðning sé háð leikskólavistun og varði hagsmuni samfélagsins. Er þar sérstaklega átt við börn leik - og grunnskólakennara.

- B) Fötluð börn með alvarleg þroskafrávik og/eða seinkaðan þroska og börn sem að mati sérfræðinga hafa sérstaka þörf fyrir leikskóladvöl vegna félagslegra, andlegra eða líkamlegra frávika.
- C) Börn einstæðra foreldra.
- D) Börn í elsta árgangi leikskólans, 5 ára börn.

Við úrvinnslu forgangshópa á biðlistum skal fara eftir eftirfarandi:

- Börn í forgangi ganga fyrir öðrum börnum.
- Því eldra sem barnið er því meiri forgang hefur það.
- Ef velja þarf á milli barna á sama ári ræður kennitala þannig að elsta barnið gengur fyrir.
- Ef sótt er um fyrir barn sem er að flytja í sveitarfélagið Mýrdalshrepp fer það aftast í biðröðina nema það sé í forgangshópum.

4. Vikulegur vistunartími.

Lágmarksvistun er 3 dagar í viku og skulu þeir dagar vera samfelldir.

5. Daglegur vistunartími.

Daglegur vistunartími skal ekki vera minni en 4 tímar samfelld. Æskilegt er barnsins vegna að það mæti vel og stundvíslega í leikskólann og að vistunartíminn sé virtur, en leikskólinn er opinn frá 07:45 – 16:00. Barninu skal skilað í hendur starfsfólks og það látið vita þegar barn er sótt. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna leikskólastjóra hverjum sé heimilt að sækja barnið í leikskólann. Foreldrar eru beðnir um að tilkynna ef barnið er fjarverandi t.d. vegna veikinda eða af öðrum ástæðum. Þótt barn sé fjarverandi greiða foreldrar fyrir dvölinu. Ef foreldrar óska eftir breytingu á vistunartíma barns sækja þeir um það til leikskólastjóra. Sækja þarf skriflega um ef breyta á vistunartíma barns. Það skal gert fyrir 20. hvers mánaðar. Alla jafna munu breytingar taka gildi 1. næsta mánaðar á eftir, en ekki er víst að hægt verði að koma til móts við allar óskir strax.

6. Vistgjöld

Vistgjöld eru innheimt eftirá samkvæmt gjaldskrá. Greitt er í gegnum heimabanka og er eindagi 15. næsta mánaðar. Hafi gjald ekki verið greitt á eindaga bætast dráttarvextir við upphæðina frá gjalddaga. Skuldi foreldrar 3 mánuði fellur leikskólavist niður. Að öðru leyti fylgir innheimta leikskólagjalda verklagsreglum Mýrdalshrepps.

7. Afsláttur

Þeir sem greiða lægra gjald eru, einstæðir foreldrar, námsmenn þar sem báðir foreldrar eru í fullu lánshæfu námi og öryrkjar með metna örorku 75% eða meira. Afsláttur til námsmanna gildir ekki 1. júní til 31. ágúst nema foreldrar séu í fullu sumarnámi. Námsmenn þurfa að framvísa vottorði til staðfestingar um skólavist sína. Afsláttur er veittur til foreldra sem eiga fleiri en eitt barn á leikskólanum. Breyting á gjaldi vegna sambúðar eða sambúðarslita, upphafs eða lokum náms eða örorku kemur til framkvæmdar 1. næsta mánaðar eftir breytinguna. Foreldrum er skylt að tilkynna leikskólastjóra breytingar á högum sínum sem geta leitt til breytinga á gjöldum. Afslættir eru ákveðnir í gjaldskrá.

8. Frí.

Fari leikskólabarn í frí á vistunartíma, t.d. vegna ferðalaga greiðast leikskólagjöld engu að síður enda ljóst að barnið verður í vistun að leyfistíma liðnum. Hægt er að sækja skriflega um niðurfellingu á fæðisgjaldi vegna fjarveru barns með 14 daga fyrirvara. Fjarvera barns er að lágmarki 5 virkir dagar. Vistunarpláss helst fram yfir sumarleyfi nema forráðamaður segi því upp.

9. Lokanir.

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur ár hvert vegna sumarleyfa. Ekki eru greidd leikskólagjöld fyrir þann tíma sem lokað er vegna sumarleyfa. Skipulagsdagar starfsfólks eru fimm á ári.

Leikskólinn er lokaður á skipulagsdögum sem merktir eru á skóladagatali leikskólans og eru ávallt auglýstir. Leikskólinn er lokaður á aðfangadag og gamlársgdag.

10. Annað.

Barnið er slysatryggt í leikskólanum á vistunartíma.

Starfsfólk er bundið þagnarskyldu sem helst óbreytt þótt starfsmaður láti af störfum.



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Mýrdalshreppur, sveitarstjori@vik.is,
Sveitastjóri Vík, sveitastjori@vik.is
Lögreglan á Suðurlandi, sudurland@logreglan.is
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, hsl@hsl.is
Vinnueftirlit Suðurlands, vinnueftirlit@ver.is
Byggingafr./brunaftirlit / Mýrdals og Skaftárhrepps, bygg@vik.is slokkvilid@vik.is

Höfn, 8 mars 2019

Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum.

Embætti Sýslumannsins á Suðurlandi hefur borist umsókn um rekstrarleyfi að Víkurbraut 32 fnr. 218-8832 til sölu gistingar í flokki II íbúðiri frá Einari Stefánssyni, kt. 290971-4039, sbr. meðfylgjandi umsókn.


Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er óskað eftir umsögnum framangreindra aðila um áður nefnda umsókn um rekstrarleyfi.

Með vísan til 2. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, óskast umsögn veitt við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** frá móttöku bréfs þessa. Berist umsögnin ekki innan framangreinds frests er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi þrátt fyrir að umsögn hafi ekki borist.

Umsagnir óskast sendar á netfangið 447leyfi@syslumenn.is



Sýslumaðurinn á Suðurlandi


Egill Marteinn Benediktsson



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Mýrdalshreppur, sveitarstjori@vik.is,
Sveitastjóri Vfk, sveitastjori@vik.is
Lögreglan á Suðurlandi, sudurland@logreglan.is
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, hsl@hsl.is
Vinnueftirlit Suðurlands, vinnueftirlit@ver.is
Byggingafr./brunaftirlit / Mýrdals og Skaftárhrepps, bygg@vik.is slokkvilid@vik.is

Höfn, 28 febrúar 2019

Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum.

Embætti Sýslumannsins á Suðurlandi hefur borist umsókn um rekstrarleyfi í Kerlingardal fnr. 218-8088 til sölu gistingar í flokki II minna gistiheimili frá Ferðapjónustu Kerlingadal ehf., kt. 530218-0310 ábyrgðarmaður Karl Pálmason, sbr. meðfylgjandi umsókn.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er óskað eftir umsögnum framangreindra aðila um áðurnefnda umsókn um rekstrarleyfi.

Með vísan til 2. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, óskast umsögn veitt við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** frá móttöku bréfs þessa. Berist umsögnin ekki innan framangreinds frests er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi þrátt fyrir að umsögn hafi ekki borist.

Umsagnir óskast sendar á netfangið 447leyfi@syslumenn.is



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Egill M. Benediktsson
Egill Marteinn Benediktsson



Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjóri

Dags.: 18. mars 2018

Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr

Málsnr.: 1901041SA

Málalykill: 00.17

Efni: Áætlun um tekjutap vegna áforma um frystingu framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 2020 og 2021

Lög um tekjustofna sveitarfélaga kveða á um að framlög ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga reiknist annars vegar sem hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs og hins vegar af útsvarstofni sveitarfélaga. Ríkið fjármagnar alfarið útgjaldajöfnunarframlög og framlög vegna sameininga (reglugerð nr. 960/2010) og vegna jöfnunar fasteignaskattstekna (reglugerð nr. 80/2001). Ríkisframlag til málefna fatlaðs fólks er um 1,8 ma.kr. árið 2019 af heildarframlögum um 16,8, eða um 10%. Framlög vegna reksturs grunnskóla eru alfarið greidd af sveitarfélögunum (0,77% af útsvarsstofni) og stærsti hluti af framlögum til málefna fatlaðs fólks er fjármagnaður með sama hætti (0,99% af útsvarsstofni).

Samkvæmt fjárlögum er áætlað að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2019 verði 20.567 m.kr. Nú hefur fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt forsvarsmönnum sambandsins að framlag ríkissjóðs verði hið sama árin 2019 til 2021 og þannig verði gengið frá í fjármálaáætlun 2020-2024 sem lögð verður fyrir Alþingi á allranæstu vikum. Árið 2022 er áformað að framlag ríkissjóðs verði reiknað samkvæmt gildandi lögum.

Áætlanir hag- og upplýsingasviðs benda til að tekjutap sveitarfélaga verði um 1.179 m.kr. árið 2020 og um 2.106 m.kr. árið 2021 eða samtals 3.285 m.kr. Forsendur þessa útreiknings er að skatttekjur og útsvar hækki í takt við spár fjármála- og efnahagsráðuneytis um þróun þessa skatta. Niðurstöður útreikninga sambandsins og starfsmanna jöfnunarsjóðs eru svipaðar. Til samanburðar við áætlað tekjutap má nefna að skv. fjárlögum 2019 er reiknað með að tekjur ríkissjóðs af gistináttgjaldi muni nema 1.335 m.kr. árlega.

Eins og fyrr segir ganga áform fjármála- og efnahagsráðherra út á að árið 2022 reiði ríkissjóður fram framlag til jöfnunarsjóðs skv. gildandi lögum. Áætla má að framlagið myndi hækka um færa enn meira fjármagn til jöfnunarsjóðs eða röskar 3 ma.kr. Ekki er á vísan að róa um efndir í þessu máli.

Framlög til sambandsins og landshlutasamtaka

Til Sambands íslenskra sveitarfélaga fer 1,7% af óbundnum tekjum jöfnunarsjóðs og til landshlutasamtaka sveitarfélaga 1,76%. Áætlað er sambandið verði af tæpum 15 m.kr. árið 2020 vegna frystingar og röskum 30 m.kr. árið 2021. Tekjutap landshlutasamtakanna verður ívið meira.

Tekjutap einstakra sveitarfélaga

Í eftirfarandi töflum eru áhrif fyrirhugaðrar frystingar greind niður á einstök sveitarfélög. Í töflum 1 og 2 eru ríkisframlögum skipt niður á sveitarfélög og samantekt fyrir sveitarfélög í heild og tegund framlaga sýnd í töflu 3. Í töflu 4 er hins vegar metið hver framlög jöfnunarsjóðs í heild kunni að vera eftir sveitarfélögum. En þá er metið einnig framlög sem reiknast af útsvarstekjum sveitarfélaga, 0,77% til reksturs grunnskóla og 0,99% til málefna fatlaðs fólks. Framlögum til málefna fatlaðs fólks er deilt niður á einstök sveitarfélög eftir íbúafjölda í þeim tilvikum að um samlag sveitarfélaga um málefni fatlaðra sé að ræða.

Taflan sýnir að tekjutap sveitarfélaga á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra er áberandi mest en minnst á höfuðborgarsvæðinu. Það eru fyrst og fremst útgjaldajöfnunarframlög sem verða fyrir barðinu á frystingu ríkisstjórnarinnar.

Tafla 1. Ríkisframlög til útgjaldajöfnunar og vegna fasteignaskatts, m.kr.

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Framlög 2019	Tekjutap		
			2020	2021	Bæði árin
Reykjavíkurborg	127.219	29,1	-1,7	-3,1	-4,8
Kópavogsbær	36.418	0,0	0,0	0,0	0,0
Seltjarnarneskaupstaður	4.617	75,1	-4,5	-7,9	-12,4
Garðabær	16.034	93,8	-5,6	-9,9	-15,5
Hafnarfjarðarkaupstaður	29.728	0,0	0,0	0,0	0,0
Mosfellsbær	10.961	286,4	-17,1	-30,3	-47,4
Kjósarhreppur	232	8,5	-0,5	-0,9	-1,4
Höfuðborgarsvæði	225.209	493	-29,4	-52,1	-81,6
Reykjanesbær	18.508	829,2	-49,5	-87,7	-137,2
Grindavíkurbær	3.398	428,5	-25,6	-45,3	-70,9
Sveitarfélagið Vogar	1.282	164,6	-9,8	-17,4	-27,2
Suðurnesjabær	3.486	418,0	-25,0	-44,2	-69,2
Suðurnes	26.674	1.840	-109,9	-194,7	-304,6
Akraneskaupstaður	7.363	525,5	-31,4	-55,6	-87,0
Skorradalshreppur	56	0,0	0,0	0,0	0,0
Hvalfjarðarsveit	668	0,0	0,0	0,0	0,0
Borgarbyggð	3.798	637,8	-38,1	-67,5	-105,6
Grundarfjarðarbær	884	134,1	-8,0	-14,2	-22,2
Helgafellssveit	61	12,6	-0,8	-1,3	-2,1
Stykkishólmsbær	1.204	181,7	-10,9	-19,2	-30,1
Eyja- og Miklaholtshreppur	126	39,1	-2,3	-4,1	-6,5
Snæfellsbær	1.672	304,5	-18,2	-32,2	-50,4
Dalabyggð	662	167,3	-10,0	-17,7	-27,7
Vesturland	16.494	2.003	-119,6	-211,8	-331,5
Bolungarvíkurkaupstaður	943	158,7	-9,5	-16,8	-26,3
Ísafjarðarbær	3.792	726,7	-43,4	-76,9	-120,3
Reykholahreppur	264	106,6	-6,4	-11,3	-17,6
Tálknafjarðarhreppur	245	73,1	-4,4	-7,7	-12,1
Vesturbyggð	1.001	246,9	-14,7	-26,1	-40,9
Súðavíkurhreppur	200	82,0	-4,9	-8,7	-13,6
Árneshreppur	47	8,1	-0,5	-0,9	-1,3
Kaldrananeshreppur	104	29,3	-1,8	-3,1	-4,9
Strandabyggð	455	131,7	-7,9	-13,9	-21,8
Vestfirðir	7.051	1.563	-93,4	-165,3	-258,7

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Framlög 2019	Tekjutap		
			2020	2021	Bæði árin
Sveitarfélagið Skagafjörður	3.990	712,4	-42,6	-75,3	-117,9
Húnaþing vestra	1.179	287,3	-17,2	-30,4	-47,5
Blönduósþéttbær	930	176,3	-10,5	-18,7	-29,2
Sveitarfélagið Skagaströnd	454	112,3	-6,7	-11,9	-18,6
Skagabyggð	90	46,3	-2,8	-4,9	-7,7
Húnavatnshreppur	377	97,0	-5,8	-10,3	-16,1
Akrahreppur	195	35,9	-2,1	-3,8	-5,9
Norðurland vestra	7.215	1.467	-87,7	-155,2	-242,9
Akureyrarkaupstaður	18.855	625,9	-37,4	-66,2	-103,6
Norðurþing	3.120	599,5	-35,8	-63,4	-99,2
Fjallabyggð	2.020	378,3	-22,6	-40,0	-62,6
Dalvíkurbyggð	1.901	343,0	-20,5	-36,3	-56,8
Eyjafljótsveit	1.016	165,0	-9,9	-17,5	-27,3
Hörgársveit	599	106,2	-6,3	-11,2	-17,6
Svalbarðsstrandarhreppur	488	69,9	-4,2	-7,4	-11,6
Grýtubakkahreppur	368	62,0	-3,7	-6,6	-10,3
Skútustaðahreppur	516	57,6	-3,4	-6,1	-9,5
Tjörneshreppur	58	8,6	-0,5	-0,9	-1,4
Þingeyjarsveit	934	193,7	-11,6	-20,5	-32,1
Svalbarðshreppur	93	18,2	-1,1	-1,9	-3,0
Langanesbyggð	513	133,7	-8,0	-14,1	-22,1
Norðurland eystra	30.481	2.762	-165,0	-292,1	-457,1
Seyðisfjarðarkaupstaður	702	129,0	-7,7	-13,6	-21,4
Fjarðabyggð	5.065	474,9	-28,4	-50,2	-78,6
Vopnafjarðarhreppur	645	145,4	-8,7	-15,4	-24,1
Fljótsdalshreppur	73	0,0	0,0	0,0	0,0
Borgarfjarðarhreppur	112	39,9	-2,4	-4,2	-6,6
Djúpavogshreppur	477	134,3	-8,0	-14,2	-22,2
Fljótsdalshérað	3.581	632,4	-37,8	-66,9	-104,7
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.353	411,6	-24,6	-43,5	-68,1
Austurland	13.008	1.968	-117,5	-208,1	-325,7
Vestmannaeyjabær	4.295	482,5	-28,8	-51,0	-79,9
Sveitarfélagið Árborg	9.233	523,4	-31,3	-55,4	-86,6
Mýrdalshreppur	676	77,8	-4,6	-8,2	-12,9
Skaftárhreppur	593	100,5	-6,0	-10,6	-16,6
Ásahreppur	253	0,0	0,0	0,0	0,0
Rangárþing eystra	1.843	316,4	-18,9	-33,5	-52,4
Rangárþing ytra	1.605	206,1	-12,3	-21,8	-34,1
Hrunamannahreppur	786	117,0	-7,0	-12,4	-19,4
Hveragerðisþéttbær	2.608	326,1	-19,5	-34,5	-54,0
Sveitarfélagið Ölfus	2.135	273,0	-16,3	-28,9	-45,2
Grímsnes- og Grafningshreppur	474	0,0	0,0	0,0	0,0
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	655	30,0	-1,8	-3,2	-5,0
Bláskógabyggð	1.127	73,5	-4,4	-7,8	-12,2
Flóahreppur	651	114,7	-6,8	-12,1	-19,0
Suðurland	26.934	2.641	-157,8	-279,3	-437,1
Samtals	353.066	14.736	-880,4	-1.558,7	-2.439,1

Tafla 2. Ríkisframlög til málefna fatlaðra m.kr.

Svæði	Ríkisframlag 2019	Tekjutap		
		2020	2021	Bæði árin
Akureyri og nágrenni	195	-11,5	-22,3	-33,8
Austurland	45	-2,6	-5,1	-7,8
Fjalla- og Dalvíkurbyggð	33	-1,9	-3,7	-5,6
Garðabær og Álftanes	48	-2,8	-5,5	-8,3
Hafnarfjörður	162	-9,6	-18,5	-28,1
Hornafjörður	17	-1,0	-1,9	-2,9
Kópavogur	82	-4,8	-9,3	-14,1
Mosfellsbær og Kjós	107	-6,3	-12,2	-18,5
Norðurþing og nágrenni	29	-1,7	-3,3	-5,0
Reykjavík	642	-37,8	-73,2	-111,0
Seltjarnarnes	19	-1,1	-2,2	-3,3
Suðurland	151	-8,9	-17,2	-26,1
Suðurnes	103	-6,1	-11,8	-17,8
Sveitarfélagið Skagafjörður	50	-2,9	-5,7	-8,6
Vestfirðir	49	-2,9	-5,6	-8,5
Vestmannaeyjar	14	-0,9	-1,7	-2,5
Vesturland	89	-5,2	-10,1	-15,3
Samtals	1.835	-108,1	-209,2	-317,3

Tafla 3. Samtals tekjutap sveitarfélaga m.kr. *)

	Ríkisframlag 2019	Tekjutap		
		2020	2021	Bæði árin
Útgjaldajöfnun	9.200	-548	-1069	-1.616
Fasteignaskattar	4.961	-295	-576	-872
Málefni fatlaðra	1.835	-108	-209	-317
Samtals	15.996	-951	-1.854	-2.805

*) Taflan tekur ekki til bundinna framlaga.

Tafla 4. Áætluð framlög úr jöfnunarsjóði í heild og lækkun vegna frystingar m.kr. *)

Sveitarfélag	Áætluð framlög án frystingar				Lækkun framlaga vegna frystingar	
	2019	2020	2021	2022	2020	2021
Reykjavíkurborg	7.346	7.780	8.187	8.610	-0,5%	-0,8%
Kópavogsbær	1.749	1.853	1.950	2.052	-0,3%	-0,5%
Seltjarnarneskaupstaður	247	262	275	288	-2,1%	-3,5%
Garðabær	977	1.035	1.088	1.144	-0,8%	-1,4%
Hafnarfjarðarkaupstaður	2.698	2.857	3.008	3.164	-0,3%	-0,5%
Mosfellsbær	1.755	1.859	1.954	2.053	-1,2%	-2,1%
Kjósarhreppur	40	42	44	46	-1,5%	-2,6%
Höfuðborgarsvæði	14.812	15.687	16.506	17.357	-0,6%	-1,0%
Reykjanesbær	2.002	2.121	2.225	2.334	-2,5%	-4,2%
Grindavíkurbær	731	774	811	850	-3,4%	-5,7%
Sveitarfélagið Vogar	329	349	366	384	-2,9%	-4,9%
Suðurnesjabær	770	816	855	896	-3,1%	-5,3%
Suðurnes	3.832	4.060	4.256	4.463	-2,8%	-4,8%
Akraneskaupstaður	1.146	1.214	1.273	1.335	-2,7%	-4,6%
Skorradalshreppur	0	0	0	0		
Hvalfjarðarsveit	0	0	0	0		
Borgarbyggð	1.099	1.164	1.219	1.278	-3,4%	-5,7%
Grundarfjarðarbær	224	237	248	260	-3,5%	-5,9%
Helgafellssveit	31	32	34	36	-2,4%	-4,0%
Stykkishólmsbær	325	345	361	378	-3,2%	-5,5%
Eyja- og Miklaholtshreppur	66	70	74	77	-3,4%	-5,7%
Snæfellsbær	586	621	651	682	-3,0%	-5,1%
Dalabyggð	283	300	314	329	-3,4%	-5,7%
Vesturland	3.759	3.983	4.174	4.375	-3,1%	-5,2%
Bolungarvíkurkaupstaður	330	350	367	385	-2,8%	-4,7%
Ísafjarðarbær	1.177	1.247	1.306	1.368	-3,6%	-6,1%
Reykholahreppur	186	197	206	216	-3,3%	-5,6%
Tálknafjarðarhreppur	133	141	148	155	-3,2%	-5,3%
Vesturbyggð	437	463	485	508	-3,3%	-5,5%
Súðavíkurhreppur	142	150	157	165	-3,3%	-5,6%
Árneshreppur	13	14	15	15	-3,6%	-6,1%
Kaldraneshreppur	38	40	42	44	-4,5%	-7,6%
Strandabyggð	233	247	259	271	-3,3%	-5,5%
Vestfirðir	2.689	2.849	2.984	3.126	-3,4%	-5,7%

*) Hér er um að ræða öll framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga óháð fjármögnun: Grunnskólaframlag, útgjalda jöfnunarframlag, fasteignaskattsframlag og áætlað framlag til málefna fatlaðs fólks á hvert sveitarfélag. Síðasti dálkurinn sýnir hversu mikið framlag frá jöfnunarsjóði til einstakra sveitarfélaga lækkar vegna frystingar framlags ríkisins í jöfnunarsjóð.

Sveitarfélag	Áætluð framlög án frystingar				Lækkun framlaga vegna frystingar	
	2019	2020	2021	2022	2020	2021
Sveitarfélagið Skagafjörður	1.247	1.321	1.384	1.450	-3,3%	-5,7%
Húnaþing vestra	469	496	520	545	-3,6%	-6,0%
Blönduósþéttbær	355	376	394	413	-2,9%	-4,9%
Sveitarfélagið Skagaströnd	215	227	238	250	-3,0%	-5,1%
Skagabyggð	66	70	73	77	-4,0%	-6,8%
Húnavatnshreppur	181	191	201	210	-3,1%	-5,3%
Akrahreppur	78	83	87	91	-2,7%	-4,5%
Norðurland vestra	2.610	2.765	2.897	3.036	-3,3%	-5,5%
Akureyrarkaupstaður	3.324	3.521	3.701	3.888	-1,3%	-2,2%
Norðurþing	767	813	850	889	-4,5%	-7,6%
Fjallabyggð	642	680	712	746	-3,4%	-5,8%
Dalvíkurbyggð	621	658	689	723	-3,2%	-5,5%
Eyjafjarðarsveit	341	361	379	397	-2,9%	-4,8%
Hörgársveit	213	226	237	248	-2,9%	-5,0%
Svalbarðsstrandarhreppur	167	177	185	194	-2,5%	-4,2%
Grýtubakkahreppur	148	157	164	172	-2,5%	-4,2%
Skútustaðahreppur	86	91	95	100	-3,9%	-6,7%
Tjörneshreppur	11	12	12	13	-4,4%	-7,5%
Þingeyjarsveit	333	353	370	387	-3,3%	-5,7%
Svalbarðshreppur	44	47	49	52	-2,4%	-4,0%
Langanesbyggð	213	225	236	247	-3,6%	-6,1%
Norðurland eystra	6.910	7.321	7.679	8.057	-2,4%	-4,1%
Seyðisfjarðarkaupstaður	208	220	231	242	-3,6%	-6,1%
Fjarðabyggð	1.127	1.194	1.252	1.313	-2,5%	-4,2%
Vopnafjarðarhreppur	236	250	262	274	-3,5%	-6,0%
Fljótsdalshreppur	0	0	0	0		
Borgarfjarðarhreppur	46	49	51	53	-4,9%	-8,4%
Djúpavogshreppur	235	249	261	273	-3,3%	-5,5%
Fljótsdalshérað	1.082	1.146	1.201	1.258	-3,4%	-5,7%
Sveitarfélagið Hornafjörður	738	782	819	859	-3,3%	-5,6%
Austurland	3.672	3.890	4.076	4.273	-3,1%	-5,3%
Vestmannaeyjabær	680	720	753	788	-4,1%	-7,0%
Sveitarfélagið Árborg	1.571	1.664	1.747	1.833	-2,1%	-3,5%
Mýrdalshreppur	107	114	119	124	-4,3%	-7,2%
Skaftárhreppur	145	154	161	169	-4,0%	-6,8%
Ásahreppur	0	0	0	0		
Rangárþing eystra	507	538	563	590	-3,6%	-6,1%
Rangárþing ytra	379	401	420	440	-3,2%	-5,4%
Hrunamannahreppur	197	208	218	229	-3,5%	-5,9%
Hveragerðisþéttbær	545	577	604	633	-3,5%	-5,9%
Sveitarfélagið Ölfus	517	547	574	601	-3,1%	-5,2%
Grímsnes- og Grafningshreppur	0	0	0	0		
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	90	96	100	105	-2,1%	-3,5%
Bláskógabyggð	240	255	267	281	-1,9%	-3,1%
Flóahreppur	252	267	280	294	-2,6%	-4,5%
Suðurland	5.230	5.541	5.807	6.088	-3,0%	-5,0%
Samtals	43.513	46.095	48.378	50.775	-2,1%	-3,6%



Upplýsingar um greiðslu

Nafn bunka	ÚTB35 - 18.03.2019	Greiðsludagsetning	18.03.2019
Greitt af	Hjallatún, dvalarheimili	Tímasetning greiðslu	17:48
Kennitala	490589-1559	Fjöldi greiðslna	12
Tekið út af reikningi	0317-26-000407	Bóka færslur stakar á skuldfærslureikningi	Nei
Heildarupphæð	2.116.511 kr.	Stofnandi bunka	XFYLK16B
		Notandanafn greiðanda	XFYLK16B

Greiddar færslur

Móttakandi	Kennitala	Banki-hb-númer	Tegund	Skýring	Seðilnúmer	Höfuðstóll	Kostnaður	Upphæð
Verkalýðsfélag Suðurlands	5401740599	0308-26-000321	Millifærsla					224.686 kr.
Starfsmannafélag Hjallatúns	6110043110	0317-13-703159	Millifærsla					27.000 kr.
Lífeyrissj. starfsm. rík. A-deild	5501973409	0301-26-054500	Millifærsla					123.998 kr.
Lífeyrisauki	6406999069	0329-26-001080	Millifærsla					21.805 kr.
Íslenski lífeyrissjóðurinn	4309902179	0111-26-515255	Millifærsla					11.374 kr.
Félag íslenskra hjúkrunarfræðin	5701942409	0301-26-007700	Millifærsla					66.598 kr.
Festa - lífeyrissjóður	5711710239	0152-26-009520	Millifærsla					1.102.262 kr.
BSRB	4401690159	0516-04-760468	Millifærsla					22.007 kr.
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	4910982529	0338-26-001121	Millifærsla					282.539 kr.
Bayern-Versicherung Lebensversi	4108078740	0301-26-410807	Millifærsla					36.484 kr.
Bandalag háskólamanna	6303872569	0336-26-050000	Millifærsla					16.812 kr.
Allianz Ísland hf. söluumboð	5809911069	0518-26-850000	Millifærsla					180.946 kr.
Samtals:								2.116.511 kr.

Mýrdalshreppur
Vt. Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri,
Austurvegi 17,
870 Vík.

Reykjavík, 18. febrúar 2019.

Efni: Áskorun til stjórnar Íslandspósts um að opna hið fyrsta pósthús með föstum
opnunartíma í Vík.


Á fundi stjórnar Íslandspósts, sem haldinn var þann 7. febrúar sl., var m.a. tekið fyrir bréf
sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, þar sem kynnt var áskorun sveitarstjórnar Mýrdalshrepps til
stjórnar Íslandspósts að opna hið allra fyrsta pósthús með föstum opunaríma í Vík.

Bréf sveitarstjórnar var lagt fram á fundinum.

Framangreind afgreiðsla stjórnar Íslandspósts tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Fh. Íslandspósts ohf.



Ingimundur Sigupálsson,
forstjóri

Lokadrög

7-3-2019

VIÐBRAGÐSÁÆTLUN

Samfélagsleg áföll
Langtímaviðbrögð
sveitarfélagsins
MÝRDALSHREPPS



MÝRDALSHREPPUR

Lögglustjórinn á Suðurlandi

Samfélagsleg áföll

Langtímaviðbrögð sveitarfélagsins

MÝRDALSHREPPS

Unnin af:

MÝRDALSHREPPI

Lögreglustjóranum á Suðurlandi

**Athugasemdir við áætlunina skal senda til verkefnastjóra
almannavarna á Suðurlandi í netfangið**

sudurland@logreglan.is

Við vinnuna var stuðst við almennar leiðbeiningar fyrir starfsmenn sveitarfélaga um viðbrögð við náttúruhamförum sem unnin var af rannsóknarhópi, Langtíma- viðbrögð við náttúruhamförum (LVN). Niðurstöður LVN verkefnis og leiðbeiningar voru gefnar út í bók og má nálgast þær rafrænt á slóðinni: http://www.ssf.hi.is/page/Frodi_utgafa.

Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Bernharðsdóttir, Guðrún Pétursdóttir og Herdís Sigurjónsdóttir. Kafli VIII - Almennar leiðbeiningar fyrir starfsmenn sveitarfélaga um viðbrögð við náttúruhamförum. Stofnun Sæmundar fróða, Reykjavík 2008.

Einnig var stuðst við áætlun sveitarfélagsins Árborgar um viðbrögð við samfélagslegum áföllum frá 2009, í ritsjórn Herdísar Sigurjónsdóttir hjá VSÓ ráðgjöf.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	ENDURREISNARTEYMIÐ	5
2	SAGA, STAÐHÆTTIR OG HÆTTUR	6
3	SKILGREININGAR	8
3.1	VIRKJUN.....	8
3.2	ÓVISSUSTIG	8
3.3	HÆTTUSTIG.....	8
3.4	NEYÐARSTIG	8
3.5	EFTIR AÐ ALMANNAVARNAÁSTANDI ER AFLÝST	8
4	BOÐUN	9
5	STJÓRNKERFI	10
5.1	GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS	10
5.2	VERKBÁTTASKIPURIT SÁBF	11
5.3	SKIPULAG MÝRDALSHREPPS EFTIR KLÖSUM	12
6	STARFSSVÆÐI	13
6.1	FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐVAR (FHS)	13
6.2	ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐVAR	13
7	ENDURREISNARTEYMI	14
7.1	GÁTLISTIENDURREISNARTEYMISS	14
7.2	GÁTLISTI I FYRSTU VIÐBRÖGÐ Í KJÓLFARÁFALLS.....	15
7.3	GÁTLISTI II: ÞEGAR NEYÐARÁSTANDI ER YFIRSTAÐIÐ	17
8	KLASAR	19
8.1	EFNAHAGSKLASI.....	19
8.1.1	Gátlisti Skrifstofa sveitarfélagsins.....	21
8.1.2	Fjárbörf sveitarfélagsins – Bókhaldsmálefni.....	21
8.1.3	Vátryggingar – eignatjón.....	22
8.2	VELFERÐAKLASI.....	24
8.2.1	Húsnæðisteymi	27
8.2.2	Gátlisti HÚSNÆÐISTEYMI.....	28
8.2.3	Félagspjónustuteymi.....	31
8.2.4	Gátlisti FÉLAGSPJÓNUSTUTEYMI	53
8.2.5	Skólateymi	55
8.2.6	Æskulýðs- og menningarmálateymi.....	59
8.2.7	Gátlisti æskulýðs- og menningarmálateymis.....	63
8.3	UMHVERFISKLASI	64
8.3.1	Skipulags- og byggingarmál	87
8.3.2	Gátlisti SKIPULAGS- OG BYGGINGARMÁL.....	87
8.3.3	Umhverfismál.....	88
8.3.4	Gátlisti UMHVERFISMÁL.....	89
8.3.5	Hreinlætismál.....	92
8.3.6	Gátlisti HREINLÆTISMÁL.....	92
8.3.7	Umferðar- og samgöngumál	92
8.3.8	Gátlisti UMFERÐAR- OG SAMGÖNGUMÁL	92
8.3.9	Veitur og fjarskipti	93
8.3.10	Gátlisti VEITUR OG FJARSKIPTI	94
9	EYÐUBLÖÐ OG SKÝRSLUFORM	95
10	BREYTINGASAGA	102

1 INNGANGUR

Á vegum stofnunar Sæmundar Fróða var árið 2008 gefið út ritið Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum og er þessi viðbragðsáætlun „Samfélagsleg áföll Langtímaviðbrögð sveitarfélagsins Mýrdalshrepps“ byggð á þeim grunni.

Starfsmenn sveitarfélagsins og forustumenn heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu, slökkviliðs, lögreglu og Rauðakrossins unnu að gerð áætlunarinnar undir stjórn Víðis Reynissonar sérfræðings frá embætti Lögreglustjórans á Suðurlandi.

Áföll geta verið af ýmsum toga bæði fyrirvaralaus og eins áföll sem fyrirséð er að íbúar ákveðinna svæða munu þurfa að takast á við. Að sjálfsögðu verða viðbrögð við áföllum að taka mið af aðstæðum hverju sinni, en í raun er þó hægt að notast við sömu leiðbeiningarnar til þess að takast á við mismunandi áföll.

Þó viðbragðsáætluninni sé ætlað að vera til taks og styðja við uppbyggingu eftir áföll af hvaða gerð sem er, þá fer ekki hjá því að í Mýrdalshreppi taki slíkur undirbúningur að einhverju leyti mið af þeirri ógn sem stórt eldgos úr Kötlu með tilsvarendi flóðum og öskufalli kann að hafa á samfélagið.

Sveitarfélagið er ein af grunnstoðum samfélagsins og ber sem slíkt ábyrgð á margvíslegum þáttum sem snerta allt mannlíf á hverjum stað. Samstillt og skipulögð vinna við að vinna samfélagið út úr erfiðleikum í kjölfar áfalls mun án efa ráða miklu um það hversu fljótt allt líf íbúanna kemst aftur í eðlilegt horf og endurreisn samfélagsins er að fullu lokið.

Mýrdalshreppur hvetur alla íbúa sveitarfélagsins til að kynna sér þessa áætlun á heimasíðu sveitarfélagsins. Áætlunin verður uppfærð ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti, en boðunarlistana skal uppfæra árlega.

Mýrdalshreppur XX.XX.2018

Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri

Lögreglustjórinn á Suðurlandi

1.1 Endurreisnarteymið

Endurreisnarteymið

Fyrstu viðbrögð:

Teymið kemur saman – Kemur á sambandi við AST og VST – Metur ástand – Virkjar klasa
Kannað með ástand og liðan starfsfólks sveitarfélagsins

	Velferðaklassi	Efnahagsklassi	Umhverfisklassi
Strax	<ul style="list-style-type: none"> Fara yfir gátlista í aðilan Fá yfirsýn yfir stöðuna Skila stöðumati til sveitarstjóra 	<ul style="list-style-type: none"> Fara yfir gátlista í aðilan Fá yfirsýn yfir stöðuna Skila stöðumati til sveitarstjóra 	<ul style="list-style-type: none"> Fara yfir gátlista í aðilan Fá yfirsýn yfir stöðuna Skila stöðumati til sveitarstjóra
Fyrstu dagar	<ul style="list-style-type: none"> Koma á samstarfi hagsmunaaðila Tryggja nauðsynlega starfsemi og þjónustu Meta þörf á aukinni þjónustu 	<ul style="list-style-type: none"> Fara yfir stöðu á fjárhag sveitarfélagsins Koma á samstarfi við hagsmunaaðila Meta þörfina á fjárhagsstöð til sveitarfélagsins 	<ul style="list-style-type: none"> Koma á samstarfi við hagsmunaaðila Koma mikilvægum kerfum í gang Gera úttekt á nothæfi bygginga
Innan viku	<ul style="list-style-type: none"> Skýuleggja lútafundir í samstarfi við aðra Koma á lögðum húsmeðsteymi ef þörf krefur Huga að þörfum starfsmanna sveitarfélagsins 	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja verkefna vegna úrgjalda Kanna með kaup á sérfræðisþjónustu Koma á samstarfi við Náttúruvinnuforskyggingu 	<ul style="list-style-type: none"> Ákveða staðsetningu bráðabirgðahúsnæðis Girða af og loka hættulegum sveðum Utbúa lista um forgang við mat á húsnæði
1-2 mánuðir	<ul style="list-style-type: none"> Tengja við þjónustumiðstöð almannaþarna Fá yfirsýn yfir stöðuna Skila stöðumati til sveitarstjóra 	<ul style="list-style-type: none"> Halda sérstekt hökuld um allan aukinn kostnað Fá yfirsýn yfir stöðuna Skila stöðumati til sveitarstjóra 	<ul style="list-style-type: none"> Tryggja öryggi húsa og mannvirðja við viðgerðir Umsjón með niðurrífi mannvirðja og húsa Tryggja öryggi við slæmnd og yfirgefin húsa
